

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2011/EES/36/01		Ágrip af ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 322/10/COL frá 14. júlí 2010 um málarekstur samkvæmt 54. gr. EES-samningsins gegn Posten Norge AS (Mál nr. 34250 Posten Norge/Privpak)	1
2011/EES/36/02		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 111/11/COL frá 11. apríl 2011 um breytingu á skránni sem er að finna í 39. lið hluta 1.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og sýnir skoðunarstöðvar á landamærum á Íslandi og í Noregi sem eru viðurkenndar til að annast heilbrigðiseftirlit með lifandi dýrum og dýraafurðum frá þriðju löndum og um niðurfellingu á ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 8/11/COL	9
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2011/EES/36/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6172 – Daimler/Rolls-Royce/Tognum/Bergen)	14
2011/EES/36/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6196 – Lenovo/Medion)	15
2011/EES/36/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6218 – INEOS/Tessengerlo Group S-PVC Assets)	16
2011/EES/36/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6231 – KKR/Capsugel)	17
2011/EES/36/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6259 – Covéa/Bipiemme Vita) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	18
2011/EES/36/08		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6269 – SNCF/HFPS/Wehinger GmbH/Rail Holding) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	19

2011/EES/36/09	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6288 – Blackstone/Stargazer) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . .	20
2011/EES/36/10	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6291 – CD&R Fund VIII/SPIE) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	21
2011/EES/36/11	Ríkisaðstoð – Tékkland – Málsnúmer SA.30908 (11/C) (áður N 176/10) – Czech Airlines – Áætlun um endurskipulagningu – Auglýst eftir athugasendum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.	22
2011/EES/36/12	MEDIA Mundus – Auglýst eftir tillögum 2012	22
2011/EES/36/13	Auglýst eftir tillögum – EAC/01/11 – Evrópskt net fyrir stefnumótun í tengslum við menntun barna og ungmenna af innflytjendaættum	23
2011/EES/36/14	Kynningatilkynning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannáþjónustukvaðir	24
2011/EES/36/15	Kynningatilkynning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu – Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug.	24
2011/EES/36/16	Yfirlit um bandalagsákvæðanir um markaðsleyfi fyrir lyfjum sem teknar voru frá 1. mars 2011 til 30. apríl 2011	25
2011/EES/36/17	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB frá 18. júní 2009 um öryggi leikfanga	25

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

Ágrip af ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA

2011/EES/36/01

322/10/COL

frá 14. júlí 2010

um málarekstur samkvæmt 54. gr. EES-samningsins gegn Posten Norge AS

(Mál nr. 34250 Posten Norge/Privpak)

(Fullgild er ensk og norsk útgáfa textans)

1. Hinn 14. júlí 2010 samþykkti Eftirlitsstofnun EFTA („eftirlitsstofnunin“ í því sem hér fer á eftir) ákvörðun um málarekstur samkvæmt 54. gr. EES-samningsins. Í samræmi við ákvæði 30. gr. í II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól birtir eftirlitsstofnunin hér með nöfn aðila og meginefni ákvörðunarinnar, að teknu tilliti til lögmætra hagsmuna fyrirtækjanna af því að vernda viðskiptaleyndarmál sín. Heildartexta ákvörðunarinnar í fullgiltum tungumálaútgáfum er að finna, að slepptum trúnaðarupplýsingum, á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA:

<http://www.eftasurv.int/competition/competition-cases/>

ÁGRIP AF BROTINU

1 Inngangur

2. Ákvörðuninni var beint til Posten Norge AS. Posten Norge rekur pósthjónustuna í Noregi. Heildarvelta Posten Norge samstæðunnar um heim allan var NOK 23 668 milljónir árið 2006. Veltan utan Noregs nam um það bil 17,5% af heildarveltu samstæðunnar árið 2006. Norska ríkið er eini eigandi Posten Norge.
3. Kvartandi var Schenker Privpak AB („Privpak“), félag sem var stofnað í Svíþjóð 1992. Privpak dreifir pökkum frá fjarsölufyrirtækjum til neytenda í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Schenker Privpak AB er hluti af DB Schenker-fyrirtækjasamstæðunni. DB Schenker sameinar alla starfsemi Deutsche Bahn AG á sviði flutninga og vörufélagstjórnunar. Deutsche Bahn AG er endanlega í eigu þýska ríkisins að öllu leyti. Í Noregi hefur Privpak verið rekið í gegnum Schenker Privpak AS, hlutafélag sem er skráð samkvæmt norskum lögum.

2 Málmeðferð

4. Hinn 24. júní 2002 barst Eftirlitsstofnun EFTA kvörtun frá Privpak. Privpak lagði fram ítarlegri upplýsingar í bréfum dagsettu 9. desember 2002, 14. janúar 2003, 15. ágúst 2003 og 5. mars 2004. Posten Norge svaraði beiðnum um upplýsingar 16. og 23. júní 2003. Skoðun var framkvæmd í húsakynnum Posten Norge í Ósló dagana 21. til 24. júní 2004. Í kjölfar fjölda beiðna um upplýsingar, sem var beint til Privpak, Posten Norge og þriðju aðila, samþykkti eftirlitsstofnunin andmælagreinargerð gegn Posten Norge hinn 17. desember 2008. Posten Norge svaraði andmælagreinargerðinni 3. apríl 2009. Munnleg skýrslugjöf fór fram 16. júní 2009.

3 Framferði Posten Norge

5. Posten Norge komst að þeirri niðurstöðu á árinu 1999 að þáverandi dreifikerfi fyrirtækisins uppfyllti ekki á fullnægjandi hátt kröfur markaðarins að því er varðar aðgengi og þjónustu. Að auki höfðu tekjur af dreifikerfinu lækkað umtalsvert næstu árin á undan og kerfið var of dýrt í rekstri. Posten Norge ákvað því að endurskipuleggja dreifikerfi sitt og fækka póstafréðslustöðum í 300–450 og koma á fót að minnsta kosti 1.100 „pósthúsum í verslunum“. Posten Norge myndi á þann hátt auka aðgengi að póst- og fjármálaþjónustu með því að fjölga afgreiðslustöðum um að minnsta kosti 200 og auka arðsemi með því að lækka rekstrarkostnað.
6. Pósthús í verslun er hugmynd sem Posten Norge þróaði og er í eigu þess til að veita margvíslega póst- og fjármálaþjónustu í smásöluverslunum, s.s. stórmörkuðum, matvöruverslunum, söluturnum og bensinstöðvum. Hvert pósthús í verslun verður að veita lágmarks grunn póst- og bankaþjónustu, sem Posten Norge er skylt að veita til að uppfylla skilyrði í rekstrarleyfi fyrirtækisins. Aðrar vörur og þjónusta geta verið í boði, allt eftir því hver samsetning viðskiptavina hvers einstaks pósthúss í verslun er. Posten Norge ber höfuðábyrgð á daglegu eftirliti með pósthúsum í verslunum og hefur rétt til að stjórna öllum þáttum rekstrar þeirra. Pósthús í verslun er hluti af smásöluverslun og afgreiðslutíminn er hinn sami. Afgreiðslustaðir pósthúsa í verslunum hafa allir sama útlit og þeir eru merktir í samræmi við almenna stefnu Posten Norge.
7. Þegar viðskiptahugmyndinni um pósthús í verslunum var hrint af stokkunum á árunum 1999 til 2000 var það ætlun Posten Norge að stofna til skipulegra bandalaga með helstu keðjum eða samstæðum matvöruverslana, söluturna og bensinstöðva til að veita póstþjónustu í verslunum. Í ársbyrjun 2000 gerði Posten Norge samninga þar að lútandi við helstu smásölusamstæður og keðjur. Síðar gerði fyrirtækið eftirfarandi samninga vegna hugmyndarinnar um pósthús í verslunum:
 - Viðskiptasamning við NorgesGruppen/Shell í september 2000 þar sem NorgesGruppen/Shell-samstæðan varð helsti samstarfsaðili Posten Norge. Í staðinn var Posten Norge veittur einkaréttur á aðgangi að öllum afgreiðslustöðum samstæðunnar (einkaréttur á samstæðu),
 - Rammasamning við COOP í janúar 2001 þar sem COOP varð annar í röð helstu samstarfsaðila, og
 - Bókun við ICA í janúar 2001.
8. Samkvæmt tveimur síðastnefndu samningunum fékk Posten Norge einkarétt á aðgangi að afgreiðslustöðum þar sem pósthúsi í verslun var komið á fót. Einnig var samið við hverja samstæðu fyrir sig um staðlaða rekstrarsamninga, sem gera átti við einstaka afgreiðslustaði þar sem pósthús í verslun myndi vera.
9. Frá ársbyrjun 2004 átti Posten Norge, að eigin frumkvæði, í hliðstæðum samningaviðræðum við NorgesGruppen, COOP og ICA með það í huga að gera tvo rammasamninga um pósthús í verslunum. Samningum þessum var ætlað að koma í stað gildandi samninga frá 1. janúar 2006. Innan Posten Norge var lagt til að samstæðurnar yrðu allar upplýstar um að Posten Norge vildi i) gera nýja rammasamninga um pósthús í verslunum, og ii) breyta ákvæðum um forgangsrétt, án þess þó að upplýsa smásölusamstæðurnar um hvort einhverjum, og þá hverjum, yrði veittur forgangsréttur áður en samningaviðræðum lyki. Posten Norge fylgdi þeirri stefnu sem lagt var upp með og á meðan á samningaviðræðunum stóð voru engar ákvarðanir teknar um *stöðu helsta samstarfsaðila*.
10. Á árinu 2006 voru öll ákvæði um einkarétt og stöðu helsta samstarfsaðila fjarlægð úr samningum Posten Norge.

4 Ákvæði 54. gr. EES-samningsins

4.1 Viðkomandi markaður

11. Á því tímabili sem hér um ræðir veitti Posten Norge þjónustu við pakkaflutninga frá fyrirtækjum til neytenda, með afhendingu yfir borðið og heimsendingu. Fyrirtækið bauð einnig flutning á pökkum frá fyrirtækjum til neytenda, til afhendingar erlendis.
12. Dreifikerfi Posten Norge á pökkum frá fyrirtækjum til neytenda samanstóð af pósthúsum fyrirtækisins og póstafréiðslum í verslunum. Póstburðarmenn gátu síðan komið til viðbótar við dreifikerfið á strjálbýlustu svæðunum, ef nauðsyn krafði. Posten Norge var eina fyrirtækið sem flutti pakka frá fyrirtækjum til neytenda og réð yfir dreifikerfi sem náði til alls Noregs.

4.1.1 Viðkomandi vörumarkaður

13. Málið varðar þjónustu á sviði pakkaflutninga frá fyrirtækjum til neytenda, með afhendingu yfir borðið. Afhending yfir borðið hefur verið ráðandi aðferð að því er varðar pakkaflutninga frá fyrirtækjum til neytenda í Noregi og neytendur hafa vanist henni. Posten Norge hefur verið leiðandi í pakkaflutningum frá fyrirtækjum til neytenda; heimsending hefur aðeins numið broti af heildarmagni pakka frá fyrirtækjum til neytenda. Engar vísendingar voru um að fjarsölufyrirtæki litu svo á að heimsending kæmi í stað afhendingar pakka frá fyrirtækjum til neytenda yfir borðið. Heimsending á pökkum frá fyrirtækjum til neytenda gerir kröfu um að fyrir hendi sé flutningakerfi sem ræður við að senda pakka heim til sérhvers viðtakanda. Aðeins hefði verið unnt að líta svo á, að heimsending og afhending yfir borðið gætu komið hvor í annarrar stað, ef til skamms tíma hefði verið unnt að flytja umtalsvert magn pakka frá afhendingu yfir borðið til heimsendingar. Fyrirliggjandi gögn sýndu að þetta var ekki raunhæfur möguleiki á umræddu tímabili. Heimsending á pökkum frá fyrirtækjum til neytenda var því ekki tekin með á viðeigandi vörumarkaði.
14. Pakkasendingar frá einu fyrirtæki til annars eru nýttar af fyrirtækjum sem gera kröfu um afhendingu í öðrum fyrirtækjum á vinnutíma. Tíminn skiptir fyrirtæki í slíkri stöðu miklu máli og þau eru reiðubúin að greiða umtalsvert hærra verð fyrir þess háttar þjónustu. Vegna verðmunar, sem er á þessari tvenns konar þjónustu og sem að líkindum endurspeglar mun á kostnaði við veita umrædda þjónustu, væri ekki hagkvæmt fyrir fjarsölufyrirtæki að bjóða pakkasendingarþjónustu frá einu fyrirtæki til annars í stað pakkaflutninga frá fyrirtækjum til neytenda, með afhendingu yfir borðið. Síðarnefnda þjónustan var því ekki samkeppnisaðhald gagnvart pakkasendingum frá fyrirtækjum til neytenda. Enn fremur gátu fjarsölufyrirtæki ekki í raun skipt yfir í pakkasendingar frá einu fyrirtæki til annars, þar sem veitendur slíkrar þjónustu gerðu alla jafna kröfu um að viðtakandi pakka væri fyrirtæki en ekki einstaklingur.
15. Eftirlitsstofnun EFTA var ekki kunnugt um að pakkasendingar frá fyrirtækjum til neytenda, með afhendingu á vinnustað, hefðu tíðkast í verulegum mæli á því tímabili sem er til skoðunar. Mismunandi eðli, verð og ætluð notkun þýddi að í augum fjarsölufyrirtækja voru pakkasendingar frá neytendum til neytenda ekki staðgönguþjónusta fyrir pakkasendingar frá fyrirtækjum til neytenda, með afhendingu yfir borðið.
16. Eftirlitsstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að á tímabilinu sem hér um ræðir hafi markaðurinn fyrir pakkasendingar frá fyrirtækjum til neytenda, með afhendingu yfir borðið, verið frábrugðinn pakkasendingum frá fyrirtækjum til neytenda með heimsendingu eða afhendingu á vinnustað, pakkasendingum frá einu fyrirtæki til annars, og frá neytendum til neytenda.

4.1.2 Viðkomandi landfræðilegur markaður

17. Markaðurinn fyrir pakkasendingar frá fyrirtækjum til neytenda, með afhendingu yfir borðið, einskorðaðist við Noreg.

4.2 *Markaðsráðandi staða*

18. Posten Norge hefur verið leiðandi á sviði pakkasendinga frá fyrirtækjum til neytenda, með afhendingu yfir borðið, í Noregi frá því að þjónustan var fyrst í boði árið 1997 og samkeppni hefur verið mjög lítil. Privpak var eini keppinautur Posten Norge þar til Tollpost kom inn á markaðinn. Ekkert fjarsölu fyrirtæki nefndi aðra keppinauta á sviði pakkasendinga frá fyrirtækjum til neytenda, með afhendingu yfir borðið, fyrir haustið 2006. Tollpost ákvað að fara inn á markaðinn haustið 2005 en tók ekki til starfa fyrr en haustið 2006 og var umfang starfseminnar mjög lítið.
19. Markaðshlutdeild Posten Norge var meiri en eða nærri 98% allt viðkomandi tímabil. Mikilvægar aðgangs- og stækkunarhindranir voru á viðkomandi markaði á þeim tíma sem hér um ræðir. Hugsanleg innkoma nýrra aðila á markaðinn á þessu tímabili setti ekki neinar hömlur, sem orð er á gerandi, á markaðshæðun Posten Norge. Á meðan ekki var til að dreifa öðrum þjónustuaðilum með umtalsverða og stöðuga markaðshlutdeild, voru hótanir jafnvel stærstu viðskiptavina um að flytja öll eða stóran hluta viðskipta sinna frá Posten Norge ekki trúverðugar. Á viðkomandi tímabili var því ekki hægt að komast hjá því að eiga viðskipti við Posten Norge.
20. Eftirlitsstofnun EFTA komst að þeirri niðurstöðu að Posten Norge hefði, á tímabilinu, haft markaðsráðandi stöðu á viðkomandi markaði í skilningi 54. gr. EES-samningsins. Viðeigandi landfræðilegur markaður þar sem Posten Norge hafði markaðsráðandi stöðu var „umtalsverður hluti“ Evrópska efnahagssvæðisins.

4.3 *Misnotkun*

4.3.1 *Mat á framferði Posten Norge*

21. Í 54. gr. EES-samningsins er lagt bann við misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja, sem hafa markaðsráðandi stöðu á því svæði sem samningurinn tekur til, eða verulegum hluta þess, og hún lýst ósamrýmanleg framkvæmd samningsins, að því leyti sem hún kann að hafa áhrif á viðskipti milli samningsaðila.
22. Það er viðtekin dómaframkvæmd að hugtakið misnotkun sé:

„hlutlægt hugtak sem tengist framferði fyrirtækis, sem hefur svo markaðsráðandi stöðu að hún hefur áhrif á uppbyggingu markaðar þar sem samkeppni hefur veikt vegna veru umrædds fyrirtækis á þeim markaði og kemur þar með í veg fyrir að þeirri samkeppni, sem enn er fyrir hendi á markaðnum, sé viðhaldið, eða kemur í veg fyrir aukna samkeppni vegna þess að gripíð er til aðferða sem eru frábrugðnar þeim sem að jafnaði ráða ferðinni í eðlilegri samkeppni í vörum eða þjónustu á grundvelli viðskipta milli fyrirtækja“. (1)
23. Áhrifin sem um getur í dómaframkvæmdinni og vísað er til framangreindri málsgrein tengjast ekki endilega áþreifanlegum eða raunverulegum áhrifum af þeirri misnotkun sem kvartað var yfir. Til þess að komast að því hvort brotið hafi verið gegn ákvæðum 54. gr. EES-samningsins, nægir að sýna að misnotkun fyrirtækis með markaðsráðandi stöðu hafi tilhneigingu til að hamla samkeppni eða, með öðrum orðum, að framferðið geti eða sé líklegt til að hafa þau áhrif. Umrætt athæfi kann að hamla samkeppni á óbeinan hátt, að því gefnu að sýnt sé fram á það með tilskildum lagareglum að það geti í raun hamlað samkeppni.
24. Í ákvörðuninni er komist að þeirri niðurstöðu að Posten Norge hafi misnotað markaðsráðandi stöðu sína með því að nýta sér einkaréttarákvæði gagnvarp samstæðum og afgreiðslustöðum í samningum sínum við smásölusamstæður og með þeirri stefnu sem fyrirtækið fylgdi þegar það endurnýjaði samninga sína frá og með árinu 2004.
25. Einkaréttarákvæði gagnvart samstæðum kom í veg fyrir að keppinautar Posten Norge fengju aðgang að NorgesGruppen/Shell í heild sinni, en þar er m.a. að finna stærstu dagvöruverslanasamstæðuna,

(1) Mál 85/76 *Hoffmann-La Roche gegn framkvæmdastjórn* [1979] ECR 461, 91. mgr.; mál 322/81 *Michelin gegn framkvæmdastjórn* (Michelin I) [1983] ECR-3461, 70. mgr.; C-62/86 *AKZO gegn framkvæmdastjórn* [1991] ECR I-3359, 69. mgr.; mál T-228/97 *Irish Sugar gegn framkvæmdastjórn* [1999] ECR II-2969, 111. mgr.; mál T-219/99 *British Airways gegn framkvæmdastjórn* [2003] ECR II-5917, 241. mgr.; mál T-271/03 *Deutsche Telekom gegn framkvæmdastjórn*, [2008] ECR II-477, 233. mgr.

stærstu sölurnakeðjuna og eina stærstu bensinstöðvakeðju í Noregi. Einkaréttarákvæði gagnvart samstæðum og afgreiðslustöðum bundu mikinn fjölda afgreiðslustaða helstu matvöruverslana-, söluturna- og bensinstöðvakeðja Noregs við Posten Norge.

26. Frá því að COOP og ICA gerðu samninga við Posten Norge á árinu 2001 og langt fram á árið 2002, þegar fjöldi pósthúsa í verslunum var opnaður, höfðu fyrirtækin hag af því fá eins margar póstaafgreiðslustöðvar og unnt var. Einkaréttarákvæði það sem Posten Norge gerði kröfu um kom í veg fyrir að unnt væri að opna pósthúsaafgreiðslur í þeim verslunum COOP og ICA sem keppinautur á sviði pakkasendinga frá fyrirtækjum til neytenda hafði fengið aðgang að. Með öðrum orðum, hver einasta verslun, sem keppinautur Posten Norge fengi afnot af, væri útilokuð frá aðild að viðskiptahugmyndinni um pósthús í verslunum. Ef COOP og ICA hefðu komið sér saman um að hleypa af stokkunum samkeppnisdreifikerfi, sem yrði til þess að nokkur hundruð samkeppnisafgreiðslustaðir yrðu opnaðir í smásöluneti þeirra, hefðu líkurnar á því að COOP og ICA fengu nýjar póstaafgreiðslustöðvar í verslanir sínar minnkað umtalsvert.
27. Á meðan nýjar samningaviðræður stóðu yfir tók Posten Norge engar ákvarðanir um stöðu helsta samstarfsaðila og gaf COOP og ICA þannig undir fótinn með að þau kynnu að fá slíka stöðu, eða þau myndu að minnsta kosti bæta stöðu sína frá og með árinu 2006. Þetta hafði letjandi áhrif á bæði COOP og ICA og því líklegt að þau myndu sýna takmarkaðan vilja til að skipta við aðra aðila sem stunduðu pakkaflutninga frá fyrirtækjum til neytenda. Þannig háttáði að minnsta kosti til svo lengi sem samningaviðræðunum var fram haldið og ekki höfðu tekist samningar við COOP og ICA.
28. Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna komst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að fjórða stærsta smásölusamstæðan, Reitangruppen, og aðrar stórar bensinstöðvakeðjur væru ekki reiðubúnar að setja á laggirnar afgreiðslustöðvar vegna pakkasendinga frá fyrirtækjum til neytenda í verslunum sínum. Fyrirtækin töldu sig ekki hafa fullnægjandi pláss til að veita slíka þjónustu, að pakkaafhenging fæli ekki í sér nægjanleg viðskiptatækifæri eða þá að fyrirtækin voru neikvæð í garð verkefna sem kynnu að auka kostnað þeirra og/eða beina athyglinni frá meginstefnu keðjunnar. Hinar stærstu matvöruverslana-, söluturna- og bensinstöðvakeðjurnar voru keppinautum Posten Norge því að mestu lokaðar á þessu tímabili.
29. Á grundvelli þessa komst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að framferði Posten Norge hefði gert nýjum aðilum á markaði verulega erfiðara um vik að fá aðgang að eftirsóttustu dreifileiðum í Noregi. Framferði Posten Norge skapaði því tæknilegar aðgangshindranir á viðkomandi markaði að því er varðar þjónustu á sviði pakkasendinga frá fyrirtækjum til neytenda, með afhendingu yfir borðið. Þar af leiðandi voru takmarkanir á aðgangi að stærstu matvöruverslana-, söluturna- og bensinstöðvakeðjunum vegna framferðis Posten Norge líklegar til að draga úr getu keppinauta Posten Norge og/eða hvötum þeirra til að keppa á markaði fyrir pakkasendingar frá fyrirtækjum til neytenda, með afhendingu yfir borðið.
30. Að auki taldi eftirlitsstofnunin að framferði Posten Norge hefði líklega leitt til raunverulegra samkeppnishindrana til skaða fyrir neytendur. Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna var talið líklegt, ef framferði Posten Norge hefði ekki komið til, að keppinautar fyrirtækisins hefðu getað fengið aðgang að stærstu matvöruverslana- og sölurnakeðjunum. Það hefði auðveldað þeim að komast inn á viðkomandi markað og auka umsvif sín, haft í för með sér umtalsvert meira samkeppnisáhdhald gagnvart Posten Norge, og hefði þar með takmarkað markaðsráðandi stöðu Posten Norge til hagsbóta fyrir fjarsölufyrirtæki og á endanum neytendur.

4.3.2 Hlutlæg rök

31. Markaðshindrandi framferði getur fallið utan gildissviðs bannákvæðisins í 54. gr. EES-samningsins ef fyrirtæki með markaðsráðandi stöðu getur fært rök fyrir því að framferði þess sé nauðsynlegt eða leiði til hagkvæmni sem vegur þyngra en neikvæð áhrif á samkeppni. ⁽²⁾ Hið markaðsráðandi fyrirtæki verður að færa sönnur á slíka hlutlæga nauðsyn eða hagræðingu. ⁽³⁾

⁽²⁾ Mál 27/76 *United Brands gegn framkvæmdastjórn* [1978] ECR 207, 184. mgr.; mál T-83/91 *Tetra Pak gegn framkvæmdastjórn* (Tetra Pak II) [1994] ECR-II 755, 136. mgr.; mál C-95/04 P *British Airways gegn framkvæmdastjórn* [2007] ECR I-2331, 69. og 86. mgr.

⁽³⁾ Sjá 2. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

32. Posten Norge hélt því fram að einkaréttarsamningar við samstæður væru nauðsynlegir til að ná fram ávinningi af hagræðingu með því að greiða fyrir því að net pósthúsa yrði sett upp í verslunum á skjótan hátt, til að tryggja að keppinautar næðu ekki undir sig afgreiðslustöðum sem þörf var fyrir undir pósthús í verslunum, til að gera að engu hættu á því að NorgesGruppen/Shell legði ekki nægilega mikið af mörkum til að hrinda viðskiptahugmyndinni um pósthús í verslunum í framkvæmd, og til að tryggja nægilegt pláss undir starfseminum á afgreiðslustöðum. Eftirlitsstofnun EFTA komst að þeirri niðurstöðu, eftir ítarlegt mat, að Posten Norge hefði ekki sýnt fram á að einkaréttarsamningar við samstæður, að svo miklu leyti sem þeir giltu um pakkadreifingarþjónustu, væru nauðsynlegir af þessum ástæðum. En jafnvel þótt fallist væri á að einkaréttarsamningar við samstæður hefðu í för með sér nokkurn ávinning af hagræðingu að því leyti, var umfang þeirra og gildistími of langur, hvað sem öðru líður, og því óhóflegur.
33. Posten Norge hélt því enn fremur fram að það hefði árlega greitt verulegar fjárhæðir til NorgesGruppen/Shell vegna þess kostnaðar sem samstæðan stofnaði til í tengslum við aðild að pósthúsum í verslunum. Fyrirtækið staðhæfði að án einkaréttarsamninga við samstæður hefði það ekki getað tryggt að þessar fjárhæðir væru notaðar því til hagsbóta og að slíkir samningar væru nauðsynlegir til að koma í veg fyrir að keppinautar nýttu sér fjárfestinguna til eigin ávinnings, án þess að leggja neitt af mörkum sjálfir. Eftirlitsstofnun EFTA komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið sýnt fram á að veruleg hættu væri á að greiðslur Posten Norge til NorgesGruppen/Shell myndu nýtast keppinautum við dreifingu pakka frá fyrirtækjum til neytenda og að ekki hefði verið sýnt fram á að hættu væri á vanfjárfestingu.
34. Posten Norge hélt því fram að einkaréttarsamningar við afgreiðslustaði væru nauðsynlegir til að vernda kynningarstarf fyrirtækisins og fjárfestingu í starfsþjálfun, til að vernda hugverkaréttindi þess, standa vörð um heiti og orðspor viðskiptahugmyndarinnar um pósthús í verslunum, tryggja að sérhver póstaafgreiðsla í verslun einbeitti sér að útfærslu Posten Norge og þörfum þess, og til að vernda fjárfestingar í afgreiðsluborðum og búnaði. Eftirlitsstofnun EFTA komst að þeirri niðurstöðu, eftir ítarlegt mat á rökum Posten Norge og þeim upplýsingum sem fyrirtækið lagði fram í þessu tilliti, að ekki hefði verið sýnt fram á að veruleg hættu væri á að keppinautar við dreifingu pakka myndu nýta sér kynningarstarf eða fjárfestingar Posten Norge sér til hagsbóta, án þess að leggja neitt af mörkum sjálfir. Né heldur væri unnt að líta svo á að einkaréttur á afgreiðslustað, að því marki sem hann gildi um keppinauta við dreifingu pakka, væri ómissandi til að vernda hugverkaréttindi Posten Norge eða sameiginlegt heiti og orðspor pósthúsansins í verslunum. Eftirlitsstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að líta bæri svo á, að Posten Norge hefði takmarkaða þörf fyrir að krefjast einkaréttar á afgreiðslustöðum til að tryggja að pósthúsin í verslunum einbeitti sér að viðskiptahugmynd fyrirtækisins. Hvað sem öðru líði, væri ekki unnt að líta svo á að einkaréttur á afgreiðslustöðum væri ómissandi allan gildistíma þeirra samninga sem Posten Norge gerði við afgreiðslustaði.
35. Posten Norge staðhæfði, að því er varðar stefnu fyrirtækisins um gerð nýrra samninga, að samhliða samningaviðræður við marga söluaðila styrktu samkeppni af því að þetta væri skilvirkasta leiðin til að gera nýja samninga. Posten Norge hélt því einnig fram að það fylgdi ekki markaðshindrandi stefnu. Eftirlitsstofnun EFTA komst hins vegar að því að Posten Norge hefði ekki sýnt fram á að stefna fyrirtækisins við gerð nýrra samninga hefði haft í för með sér ávinning af hagræðingu, að stefnan væri nauðsynleg og hófleg aðferð til að ná fram slíkum ávinningi og að meintur ávinningur hefði vegið þyngra en samkeppnishamlandi áhrif stefnunnar við gerð nýrra samninga.
36. Eftirlitsstofnun EFTA komst því að þeirri niðurstöðu að Posten Norge hefði ekki sýnt fram á að framferði þess hefði verið rökstutt á hlutlægan hátt.

4.3.3 Niðurstaða að því er varðar misnotkun

37. Eftirlitsstofnun EFTA komst að þeirri niðurstöðu að framferði Posten Norge – það er að beita einkaréttarákvæðum að því er varðar samstæður og afgreiðslustaði í samningum sínum við NorgesGruppen/Shell, beita einkaréttarákvæðum að því er varðar afgreiðslustaði í samningnum sínum við COOP og ICA og stefna fyrirtækisins í samningaviðræðum við NorgesGruppen, COOP og ICA frá og með árinu 2004 – teldist misnotkun í skilningi 54. gr. EES-samningsins.

4.4 *Áhrif á viðskipti*

38. Posten Norge gat, með misnotkun sinni, haft veruleg áhrif á viðskipti milli samningsaðila, eins og gerð er krafa um í 54. gr. EES-samningsins.

4.5 *Gildistími*

39. Misnotkunin var samfelld og viðgekkst að minnsta kosti jafn lengi og NorgesGruppen var bundið af einkaréttarsamningi og naut stöðu helsta samstarfsaðila Posten Norge, þ.e. frá 20. september 2000 til 31. mars 2006.

5 **Sekt**

5.1 *Grunnfjárhæð*

40. Að jafnaði er grunnfjárhæð sektar ákveðin allt að 30% af söluverðmæti þeirra vara sem brotið tengist beint eða óbeint á viðkomandi landsvæði á Evrópska efnahagssvæðinu. Eftirlitsstofnun EFTA tekur að jafnaði mið af sölu fyrirtækisins síðasta heila reikningsárið sem það átti aðild að brotinu. Velta Posten Norge á árinu 2005 af dreifingu pakka frá fyrirtækjum til neytenda, með afhendingu yfir borðið, nam NOK 674,16 milljónum. Það svarar til EUR 84,17 milljóna. ⁽⁴⁾
41. Grunnfjárhæð sektarinnar miðast við hlutfall af söluverðmæti, allt eftir því hversu alvarlegt brotið er, margfaldað með fjölda ára sem brotið hefur viðgengist.
42. Til þess að geta ákveðið hvort það hlutfall af söluverðmæti, sem lagt er til grundvallar í tilteknu máli, skuli vera á neðri eða efri hluta þessa bils metur Eftirlitsstofnun EFTA hvert tilvik um sig, að teknu tilliti til allra aðstæðna sem skipta máli. Eftirlitsstofnunin hefur hliðsjón af fjölda þátta, s.s. eðli brotsins, markaðshlutdeild fyrirtækisins sem um ræðir og landsvæðinu sem brotið nær til.
43. Eðli brotsins sem hér um ræðir tengdist markaðshindrandi athæfi sem hafði áhrif á uppbyggingu viðkomandi markaðar. Markaðshlutdeild Posten Norge á viðkomandi markaði var mjög mikil allan þann tíma sem brotið viðgekkst. Misnotkunin tók til alls yfirráðasvæðis Noregs og, þvert á markmið EES-samningsins, tefldi í tvísýnu eðlilegri starfsemi innri markaðarins með því að hindra sókn inn á viðkomandi markað pakkadreifingar í Noregi og hindra þannig myndun millilandamarkaða.
44. Með hliðsjón af málsatvikum, var upphafleg fjárhæð sektarinnar ákveðin EUR 2 525 100. Sú fjárhæð var margfölduð með 5,5 til að taka mið af því hversu lengi brotið viðgekkst (fimm og hálf ár). Grunnfjárhæð sektarinnar var því ákveðin EUR 13,89 milljónir.

5.2 *Þyngingarástæður og málsbætur*

45. Engar þyngingarástæður eða málsbætur voru fyrir hendi.

5.3 *Aðrar kringumstæður*

46. Eftirlitsstofnun EFTA viðurkenndi að stjórnskipuleg meðferð málsins, sem hér liggur fyrir, hefði tekið umtalsverðan tíma og taldi að vegna sérstakra kringumstæðna málsins væri réttlætlanlegt að lækka grunnfjárhæð sektarinnar um EUR 1 milljón.

⁽⁴⁾ Meðalgengi ársins 2005 var 8,0092 samkvæmt eldra viðmiðunargengi evrunnar frá Seðlabanka Evrópu.

5.4 Fjárhæð sektar

47. Endanleg fjárhæð sektarinnar var því ákveðin EUR 12,89 milljónir.

6 Ákvörðun

48. Posten Norge AS braut samfellt gegn 54. gr. EES-samningsins frá 20. september 2000 til 31. mars 2006 á markaði fyrir pakkasendingar frá fyrirtækjum til neytenda, með afhendingu yfir borðið, með því að framfylgja markaðshindrandi stefnu með ívilnandi meðferð við stofnun og rekstur pósthúsa í verslunum. Brotið fólst í eftirfarandi:
- Að gera og viðhalda samningum við NorgesGruppen/Shell og einstaka afgreiðslustaði innan þeirrar samstæðu þar sem Posten Norge fékk einkarétt á aðgangi að samstæðunni og afgreiðslustöðum hennar,
 - Að gera og viðhalda samningum við COOP og einstaka afgreiðslustaði COOP þar sem Posten Norge fékk einkarétt á aðgangi að afgreiðslustöðum þess,
 - Að gera og viðhalda samningum við ICA og einstaka afgreiðslustaði ICA þar sem Posten Norge fékk einkarétt á aðgangi að afgreiðslustöðum þess,
 - Að fylgja stefnu við gerð nýrra samninga sem var líkleg til að takmarka vilja COOP og ICA til að semja og gera samninga við keppinauta Posten Norge um afhendingu pakka frá fyrirtækjum til neytenda, með afhendingu yfir borðið.
49. Posten Norge AS var gert að greiða sekt að fjárhæð EUR 12,89 milljónir vegna brotsins sem vísað er til hér að framan.
50. Posten Norge AS var gert að binda enda á brot sitt, að svo miklu leyti sem það hafði ekki þegar verið gert, og forðast hvers kyns tilburði sem kynnu að hafa sama eða svipað markmið, eða áhrif, á meðan fyrirtækið hefur markaðsráðandi stöðu á viðkomandi markaði.

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2011/EES/36/02

111/11/COL

frá 11. apríl 2011

um breytingu á skránni sem er að finna í 39. lið hluta 1.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og sýnir skoðunarstöðvar á landamærum á Íslandi og í Noregi sem eru viðurkenndar til að annast heilbrigðiseftirlit með lifandi dýrum og dýraafurðum frá þriðju löndum og um niðurfellingu á ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 8/11/COL

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til ákvæða 1. og 3. liðar B-liðar 4. mgr. og staflíðar b) í 5. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn,

með vísan til gerðarinnar sem um getur í 4. lið hluta 1.1 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn (*tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til bandalagsins frá þriðju löndum*)⁽¹⁾, með áorðnum breytingum, auk breytinga samkvæmt ákvæðum til aðlögunar að EES-samningnum vegna einstakra atvinnugreina sem um getur í I. viðauka við samninginn, einkum 2. mgr. 6. gr.,

með vísan til ákvörðunar stjórnar Eftirlitsstofnunar EFTA 86/11/COL um að veita valdbærum stjórnarmanni umboð til að samþykkja þessa ákvörðun,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Eftirlitsstofnun EFTA („eftirlitsstofnunin“ í því sem hér fer á eftir) felldi með ákvörðun 8/11/COL frá 26. janúar 2011⁽²⁾ úr gildi ákvörðun sína 43/10/COL frá 10. febrúar 2010⁽³⁾ og gaf út nýja skrá um skoðunarstöðvar á landamærum á Íslandi og í Noregi sem hafa öðlast viðurkenningu til dýraheilbrigðiseftirlits með lifandi dýrum og dýraafurðum frá þriðju löndum.

Hinn 1. mars 2011 tilkynnti norska matvælaeftirlitið („Mattilsynet“ í því sem hér fer á eftir) Eftirlitsstofnun EFTA um að það hefði felld landamæraskoðunarstöðina í höfninni í Båtsfjord (TRACES-kódi NO BJJ 1) úr norski skrá yfir viðurkenndar skoðunarstöðvar á landamærum eftir að miklar skemmdir urðu á skoðunarstöðinni í eldsvoða 28. janúar 2011. Mattilsynet benti á að vegna eldsvoðans gæti landamæraskoðunarstöðin ekki fullnægt lagalegum kröfum um fundarherbergi og um aðstöðu fyrir rannsóknarstofu og geymslur.

Viðurkenningin var felld úr gildi og upplýsingar í kjölfarið sendar eftirlitsstofnuninni í samræmi við 2. lið í I. kafla norskra laga, *Instruks om grensekontrollstasjoner o.s.frv.*, en með þeim kemur 3. mgr. 6. gr. *tilskipunar ráðsins 97/78/EB* til framkvæmda, en samkvæmt henni skal lögbært landsyfirvald tilkynna eftirlitsstofnuninni um breytingar á skoðunarstöð á landamærum eða skoðunarmiðstöð sem kunna að vera mikilvægar varðandi skrána í 39. lið hluta 1.2 í I. kafla I. viðauka við samninginn um Evrópskt efnahags-svæði og sýnir skoðunarstöðvar á landamærum á Íslandi og í Noregi.

Samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 6. gr. *tilskipunar ráðsins 97/78/EB* skal Eftirlitsstofnun EFTA semja og birta skrá yfir viðurkenndar skoðunarstöðvar á landamærum, þ.m.t. tilvik þar sem viðurkenning hefur verið felld úr gildi tímabundið.

Eftirlitsstofnun EFTA er því skylt að breyta skránni um skoðunarstöðvar á landamærum á Íslandi og í Noregi og birta nýja skrá sem sýnir að skoðunarstöðin í höfninni í Båtsfjord (TRACES-kódi NO BJJ 1) hafi verið felld úr norsku skránni yfir skoðunarstöðvar á landamærum.

Eftirlitsstofnun EFTA vísaði málinu til dýraheilbrigðisnefndar EFTA, sem er Eftirlitsstofnun EFTA til ráðuneytis. Ráðstafanir, sem kveðið er á um í ákvörðun þessari, eru í samræmi við álit dýraheilbrigðisnefndar EFTA, sem er Eftirlitsstofnun EFTA til ráðuneytis og lokatexti ráðstafananna er óbreyttur.

(1) Stjtið. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9.

(2) Stjtið. ESB L 85, 31.3.2011, bls. 27, og EES-viðbætur nr. 16, 31.3.2011, bls. 1.

(3) Stjtið. ESB L 256, 30.9.2010, bls. 30, og EES-viðbætur nr. 53, 30.9.2010, bls. 1.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Landamæraskoðunarstöðin í höfninni í Båtsfjord (TRACES-kóði NO BJF 1) hefur, þar til annað verður ákveðið, verið felld úr skránni í 39. lið hluta 1.2 í 1. kafla I. viðauka við samninginn um Evrópskt efnahags-svæði og sýnir skoðunarstöðvar á landamærum á Íslandi og í Noregi sem eru viðurkenndar til að annast heilbrigðiseftirlit með lifandi dýrum og dýraafurðum frá þriðju löndum.

2. gr.

Heilbrigðiseftirlit með lifandi dýrum og dýraafurðum við innflutning til Íslands og Noregs frá löndum utan EES skal fara fram á vegum lögbærra landsyfirvalda á viðurkenndum landamæraskoðunarstöðvum sem taldar eru upp í viðauka við ákvörðun þessa.

3. gr.

Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 08/11/COL frá 26. janúar 2011 fellur úr gildi.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. apríl 2011.

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til stjórnvalda á Íslandi og í Noregi.

6. gr.

Ákvörðun þessi telst fullgild á ensku.

Gjört í Brussel 11. apríl 2011.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Sverrir Haukur Gunnlaugsson

Stjórnarmaður

VIÐAUKI

Skrá um viðurkenndar skoðunarstöðvar á landamærum

Land: Ísland

1	2	3	4	5	6
Akureyri	IS AKU1	P		HC-T(1)(2)(3), NHC(16)	
Hafnarfjörður	IS HAF 1	P		HC(1)(2)(3), NHC-NT(2)(6)(16)	
Húsavík	IS HUS 1	P		HC-T(FR)(1)(2)(3)	
Ísafjörður	IS ISA1	P		HC-T(FR)(1)(2)(3)	
Keflavíkur flugvöllur	IS KEF 4	A		HC(1)(2)(3)	O(15)
Reykjavík Eimskip	IS REY 1a	P		HC(1)(2)(3), NHC-NT (2)(6)(16)	
Reykjavík Samskip	IS REY 1b	P		HC-T(FR)(1)(2)(3), HC-NT(1)(2)(3), NHC-NT(2)(6)(16)	
Þorlákshöfn	IS THH1	P		HC-T(FR)(1)(2)(3), HC-NT(6), NHC-NT(6)	

Land: **Noregur**

1	2	3	4	5	6
Borg	NO BRG 1	P		HC, NHC	E(7)
Båtsfjord(*)	NO BJF 1	P		HC-T(FR)(1)(2)(3), HC-NT(1)(2)(3)(*)	
Egersund	NO EGE 1	P		HC-NT(6), NHC-NT(6)(16)	
Florø EWOS	NO FRO 1	P		NHC-NT(6)(16)	
Hammerfest	NO HFT 1	P	Rypefjord	HC-T(FR)(1)(2)(3), HC-NT(1)(2)(3)	
Honningsvåg	NO HVG 1	P	Honningsvåg	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
			Gjesvær	HC-T(1)(2)(3)	
Kirkenes	NO KKN 1	P		HC-T(FR)(1)(2)(3), HC-NT(1)(2)(3)	
Kristiansund	NO KSU 1	P	Kristiansund	HC-T(FR)(1)(2)(3), NHC-T(FR)(2)(3) HC-NT(6), NHC-NT(6)	
Larvik	NO LAR 1	P		HC(2)	
Måløy	NO MAY 1	P	Gotteberg	HC-T(FR)(1)(2)(3), NHC-T(FR)(2)(3)	
			Trollebø	HC-T(FR)(1)(2)(3), NHC-T(FR)(2)(3)	
Oslo	NO OSL 1	P		HC, NHC	
Oslo	NO OSL 4	A		HC, NHC	U,E,O
Sortland	NO SLX 1	P	Melbu	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
			Sortland	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
Storskog	NO STS 3	R		HC, NHC	U,E,O
Tromsø	NO TOS 1	P	Bukta	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
			Solstrand	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
Vadsø	NO VOS 1	P		HC-T(FR)(1)(2)(3)	
Ålesund	NO AES 1	P	Breivika	HC-T(FR)(1)(2)(3), NHC-T(FR)(2)(3)	
			Ellingsøy	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
			Skutvik	HC-T(1)(2)(3), HC-NT(6), NHC-T(FR) (2)(3), NHC-NT(6)	

1 = Heiti**2 = TRACES-kóði****3 = Gerð**

- A = Flugvöllur
- F = Járabraut
- P = Höfn
- R = Vegur

4 = Skoðunarmiðstöð**5 = Afurðir**

- HC = Allar afurðir til manneldis
- NHC = Aðrar afurðir
- NT = Engar kröfur um hitastig
- T = Frystar/kældar afurðir
- T(FR) = Frystar afurðir
- T(CH) = Kældar afurðir

6 = Lifandi dýr

- U = Hólf- og klaufdýr: nautgripir, svín, sauðfé, geitur, villt og tamin hófdýr
- E = Skráð dýr af hestaætt samkvæmt skilgreiningunni í tilskipun ráðsins 90/426/EBE
- O = Önnur dýr

5-6 = Sérstakar athugasemdir

- (*) = Felld brott á grundvelli 6. gr. tilskipunar 97/78/EB þar til annað verður ákveðið, eins og fram kemur í 1., 4., 5. og 6. dálki
- (1) = Eftirlit í samræmi við kröfur í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/352/EBE sem var tekin á grundvelli ákvæða 3. mgr. 19. gr. tilskipunar ráðsins 97/78/EB
- (2) = Eingöngu afurðir í umbúðum
- (3) = Eingöngu sjávarafurðir
- (4) = Eingöngu dýraprótfín
- (5) = Eingöngu ull, húðir og skinn
- (6) = Eingöngu fljótandi fita, olía og lýsi
- (7) = Íslenskir hestar (eingöngu frá apríl til október)
- (8) = Eingöngu dýr af hestaætt
- (9) = Eingöngu hitabeltisfiskar
- (10) = Eingöngu kettir, hundar, nagdýr, nartarar, lifandi fiskar, skriðdýr og fuglar aðrir en strútfuglar
- (11) = Eingöngu fóður í lausu
- (12) = Að því er varðar (U) aðeins dýr sem send eru í dýragarða, þegar um hófdýr er að ræða; að því er varðar (O) aðeins dagsgamlir kjúklingar, fiskar, hundar, kettir, skordýr og önnur dýr sem send eru í dýragarða
- (13) = Nagylak HU: Hér er um að ræða landamærastöð (fyrir afurðir) og umferðarleið (fyrir lifandi dýr) á landamærum Ungverjalands og Rúmeníu sem lýtur umsömdum bráðabirgðaráðstöfunum sem mælt er fyrir um í aðildarsáttmálanum, bæði vegna afurða og lifandi dýra. Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/630/EB
- (14) = Ætluð til gegnumflutnings tiltekinnna dýraafurða um Evrópubandalagið sem eru ætlaðar til manneldis og eru fluttar frá Rússlandi eða til Rússlands í samræmi við sértæka málsmeðferð sem kveðið er á um í viðkomandi bandalagslöggjöf
- (15) = Eingöngu dýr sem eru notuð í fiskeldi
- (16) = Eingöngu fiskimjöl

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6172 – Daimler/Rolls-Royce/Tognum/Bergen)

2011/EES/36/03

1. Framkvæmdastjórninni barst 17. júní 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Daimler AG („Daimler“) og hið breska Rolls-Royce Group plc („Rolls-Royce“), fyrir milligöngu hins þýska Engine Holding GmbH, öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu óbein yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í þýska fyrirtækinu Tognum AG („Tognum“) og í atvinnurekstri Rolls-Royce í Bergen („Bergen“) í Noregi.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Daimler: framleiðsla og sala á eðalbifreiðum og atvinnuökutækjum, svo og fjármálaþjónusta tengd bifreiðum, m.a. fjármögnun, rekstrarleiga, váttryggingar og umsjón með bifreiðaflota
 - Rolls-Royce: þróun og framleiðsla á flugvélahreyflum til borgaralegra nota, svo og á aflikerfum fyrir flugvélaíðnaðinn, skip og orkugeirann. Rolls-Royce rekur einnig skipadeild sem hannar skip og framleiðir búnað í skip, svo sem knúningskerfi, þilfarsvélbúnað og stýribúnað. Fyrirtæki Rolls-Royce í Bergen stundar m.a. þróun, framleiðslu og sölu á díselvélum og strokkhreyflum, sem ganga fyrir gasi, og rafölum til nota utan akvega (s.s. til rafmagnsframleiðslu og til nota í skipum)
 - Engine Holding GmbH: fyrirtæki til sérstakra verkefna, þ.e. til að gera tilboð um yfirtöku allra útistandandi hluta í Tognum og jafnframt til að halda utan um og stjórna hlutabréfæign í Tognum og í fyrirtækinu í Bergen
 - Tognum: þróun, framleiðsla og sala á díselvélum og strokkhreyflum, sem ganga fyrir gasi, og rafölum til nota utan akvega (s.s. til iðnaðarnota, raforkuframleiðslu og til nota í skipum)
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 189, 29. júní 2011). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6172 – Daimler/Rolls-Royce/Tognum/Bergen, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6196 – Lenovo/Medion)**

2011/EES/36/04

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. júní 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem kínverska fyrirtækið Lenovo Group Limited („Lenovo“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í þýska fyrirtækinu Medion AG („Medion“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Lenovo: borðtölvur og fartölvur, netþjónar, geymsludrif, hugbúnaður til stjórnunar á upplýsingatæknibúnaði, upplýsingatækniþjónusta
 - Medion: rafeindabúnaður fyrir einstaklinga, einkum borðtölvur og fartölvur, símar, leiðsögubúnaður, sjónvarpstæki, hugbúnaður, farsímaþjónusta
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 187, 28. júní 2011). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6196 – Lenovo/Medion, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6218 – INEOS/Tessenderlo Group S-PVC Assets)

2011/EES/36/05

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. júní 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækið Kerling plc, sem stundar rekstur undir heitinu INEOS ChlorVinyls og er hluti svissnesku fyrirtækjasamsteypunnar INEOS Group („INEOS“), öðlast með kaupum á tilteknum eignum tengdum Suspension Polyvinyl Chloride („S-PVC“) yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í hlutum belgíska fyrirtækisins Tessenderlo Chemie NV, sem starfa undir heitinu Tessenderlo Group („Tessenderlo“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - INEOS: framleiðsla á efnavörum sem unnar eru úr jarðolíu, snérnotaíðefnum og olíuafurðum. Fyrirtækið er einn umsvifamesti framleiðandi klóralkaliefna í Evrópu í gegnum dótturfélag sitt, INEOS ChlorVinyls, og stór seljandi pólyvínýlklóríðs
 - Tessenderlo: íðefnaíðnaður, náttúrulegar afleiður, plastumbreyting, gelatín og landbúnaðarlausnir. Eignirnar sem á að selja taka m.a. til S-PVC-rekstrareiningar Tessenderlo
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 187, 28. júní 2011). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6218 – INEOS/Tessenderlo Group S-PVC Assets, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6231 – KKR/Capsugel)

2011/EES/36/06

1. Framkvæmdastjórninni barst 23. júní 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ og í kjölfar vísunar samkvæmt 5. mgr. 4. gr. sömu reglugerðar um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið KKR & Co. L.P. („KKR“) óðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í bandaríska fyrirtækinu Capsugel („Capsugel“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - KKR: veitir opinberum markaðsfjárfestum og einkafjárfestum fjölbreytta þjónustu á sviði eignastýringar utan almenns markaðar, svo og fjármagnsmarkaðslausnir fyrir fyrirtækið, félög í eignasafni þess og viðskiptavinum
 - Capsugel: framleiðsla á skömmtunarbúnaði og veitir lyfjafyrirtækjum, seljendum lausasöluþjónu, og heilbrigðis- og næringargeiranum tengda þjónustu
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 190, 30. júní 2011). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6231 – KKR/Capsugel, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2011/EES/36/07****(mál COMP/M.6259 – Covéa/Bipiemme Vita)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 17. júní 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið Covéa, Société de Groupe d'Assurance Mutuelle – S.G.A.M. („Covéa“), öðlast með hlutafjárkaupum og fyrir milligöngu MMA IARD Assurances Mutuelles, MMA Vie Assurances Mutuelles, MAAF Assurances og Assurances de France (fyrirtæki sem tilheyra Covéa-samstæðunni) að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í ítalska fyrirtækinu Bipiemme Vita S.p.A.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Covéa: stjórnar fjárhagslegum tengslum milli gagnkvæmra tryggingafélaga og annarra stofnana innan þess geira í Frakklandi, hefur umsýslu með eignarhaldi í váttrygginga- og endurtryggingafélögum
 - Bipiemme: líftryggingar og aðrar tryggingar á Ítalíu
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 190, 30. júní 2011). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6259 – Covéa/Bipiemme Vita, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2011/EES/36/08****(mál COMP/M.6269 – SNCF/HFPS/Wehinger GmbH/Rail Holding)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. júní 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið SNCF, hið austurríska Haselsteiner Familien-Privatstiftung („HFPS“) og hið austurríska Stefan Wehinger Beteiligungs- und Beratungs GmbH („Wehinger GmbH“) öðlast með hlutafjárkaupum í nýstofnuðu, sameiginlegu fyrirtæki í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í austurríska fyrirtækinu Rail Holding AG.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - SNCF: farþega- og vöruflutningar með járnbrautum í Frakklandi og öðrum löndum á Evrópska efnahagssvæðinu, umsjón með járnbrautargrunnvirkjum í Frakklandi
 - HFPS: fjárfestingar í litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem stunda margvíslega starfsemi, m.a. í byggingariðnaði
 - Wehinger GmbH: eignarhaldsfélag sem heldur utan um hlutabréfaeign í Rail Holding AG
 - Rail Holding AG: hluthafi í austurríska fyrirtækinu WESTbahn Management GmbH og hyggst stunda farþegaflutninga með járnbrautum í Austurríki
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 187, 28. júní 2011). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6269 – SNCF/HFPS/Wehinger GmbH/Rail Holding, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6288 – Blackstone/Stargazer)**

2011/EES/36/09

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 21. júní 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið The Blackstone Group L.P. („Blackstone“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í þýska fyrirtækinu Stargazer GmbH og dótturfélögum þess („Stargazer“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Blackstone: sérhæfð eignastýring á heimsvísu og ráðgjafarþjónusta á sviði fjármála
 - Stargazer: þróar og selur, fyrir milligöngu dótturfélagsins Jack Wolfskin, fatnað, skófatnað og búnað til útivistar, s.s. tjaldferðalaga og gönguferða
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 191, 1. júlí 2011). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6288 – Blackstone/Stargazer, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6291 – CD&R Fund VIII/SPIE)

2011/EES/36/10

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 23. júní 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækið Clayton, Dubilier & Rice Fund VIII, L.P., sem hefur aðsetur á Cayman-eyjum og tilheyrir bandarísku fyrirtækjasamstæðunni Clayton, Dubilier & Rice („CD&R“), öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í franska fyrirtækinu Financière SPIE S.A.S. („SPIE“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - CD&R: samstæða sem fjárfestir í óskráðum félögum
 - SPIE: veitir tæknipjónustu á fjölda sviða, m.a. þjónustu á sviði rafmagns, hitunar, loftræstingar og loftkælingar og vélaverkfræði viðskiptavinum í iðnaði, sölustarfsemi og opinbera geiranum og veitir einnig þjónustu viðskiptavinum í kjarnorkuiðnaði, olíu- og gasvinnslu, fjarskiptum og upplýsingatækni
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 189, 29. júní 2011). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6291 – CD&R Fund VIII/SPIE, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

Ríkisaðstoð – Tékkland

2011/EES/36/11

Málsnúmer SA.30908 (11/C) (áður N 176/10) – Czech Airlines – Áætlun um endurskipulagningu**Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins**

Framkvæmdastjórnin tilkynnti stjórnvöldum í Tékklandi, með bréfi dagsettu 23. febrúar 2011, þá ákvörðun sína að hefja rannsókn á ofangreindri aðstoð í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Frestur hagsmunaaðila til að gera athugasemdir er einn mánuður frá því að ágrip þetta og eftirfylgjandi bréf birtist í Stjtið. ESB (C 182, 23.6.2011, bls. 13). Athugasemdir skal senda á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
State aid Greffe
Rue Joseph II/Jozef II-straat 70
1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË
Bréfasími: +32 22961242

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Tékklandi. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

MEDIA Mundus – Auglýst eftir tillögum 2012

2011/EES/36/12

Auglýst er eftir tillögum á grundvelli ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins 1041/2009/EB frá 21. október 2009 um að koma á fót áætlun um samvinnu á sviði hljóð- og myndmiðlunar við fagmenn frá þriðju löndum (MEDIA Mundus 2011–2013).

Markmiðið með áætluninni er að efla samkeppnishæfni evrópsks hljóð- og myndmiðlaiðnaðar, að gera Evrópu kleift að gegna menningarlegu og pólitísku hlutverki sínu í heiminum á skilvirkari hátt og að auka val neytenda og menningarlega fjölbreytni. Með áætluninni verður leitast við að bæta aðgang að mörkuðum þriðju landa og að byggja upp trúnaðartraust og vinnusamband til langs tíma.

MEDIA Mundus-áætlunin styður samvinnuverkefni milli evrópskra fagmanna og fagmanna frá þriðju löndum, til gagnkvæms ávinnings fyrir hljóð- og myndmiðlageirann í Evrópu og í þriðju löndum.

Um nánari upplýsingar um þessa auglýsingu vísast til *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins*, C 176, 16.6.2011, bls. 5.

Leiðbeiningar um vinnuáætlunina og umsóknareyðublöð er að finna á eftirfarandi slóð:

http://ec.europa.eu/culture/media/index_en.htm

Auglýst eftir tillögum – EAC/01/11**2011/EES/36/13****Evrópskt net fyrir stefnumótun í tengslum við menntun barna og ungmenna af innflytjendaættum****1. Markmið og lýsing**

Markmiðið með auglýsingu þessari er að efla samstarf háttsettra aðila, sem hafa með höndum ákvarðanatöku, háskólamanna og fagaðila um alla Evrópu í því skyni að auka menntunarstig barna og ungmenna af innflytjendaættum. Með auglýsingunni er stefnt að því að koma á fót evrópsku neti til að greina, móta og skiptast á stefnu og starfsvenjum á þessu sviði.

Net þetta skal fjalla um þau málefni, sem vakið var máls á í niðurstöðum fundar leiðtogaráðsins í nóvember 2009 og snúa að menntun barna af innflytjendaættum, og örva samstarf háttsettra aðila í aðildarríkjunum sem annast stefnumótun á sviði félagslegrar samheldni fyrir tilstilli menntunar, m.a. samstarf milli yfirvalda í upprunalöndunum og gistiríkjunum. Netið skal vera virkt í að örva samstarf milli landa, einkum á vettvangi stjórnvalda, en einnig samstarf sérfræðinga og fagaðila.

2. Hlutgengir umsækjendur

Auglýsing þessi eftir tillögum er opin:

- menntamálaráðuneytum,
- öðrum opinberum stofnunum,
- rannsóknamiðstöðvum og háskólum,
- stofnunum,
- samtökum.

Aðeins verður tekið við umsóknum frá lögaðilum. Umsækjendur skulu leggja fram eintak af stofnsamþykktum og opinberu lögskráningarskírteini umsóknarstofnunarinnar.

Tekið verður við umsóknum frá lögaðilum í eftirtöldum ríkjum:

- Aðildarríkjum Evrópusambandsins,
- EFTA-ríkjunum: Íslandi, Liechtenstein, Noregi eða Sviss,
- ríkjunum sem hafa sótt um aðild að Evrópusambandinu: Tyrklandi og Króatíu.

3. Fjárveiting og gildistími

Rammasamningurinn gildir frá 2012 til 2014.

Heildarfjárveiting vegna sameiginlegrar fjármögnunar netsins nemur EUR 500 000 fyrir árið 2012. Styrkir framkvæmdastjórnarinnar geta ekki orðið hærri en sem nemur 75% af styrkhæfum kostnaði. Hvert verkefni skal ekki standa lengur en 36 mánuði.

4. Umsóknarfrestur

Umsóknir skulu sendar framkvæmdastjórninni eigi síðar en 14. október 2011.

5. Nánari upplýsingar

Heildartexti þessarar auglýsingar eftir tillögum er birtur, ásamt umsóknareyðublöðum, á eftirfarandi slóð:

http://ec.europa.eu/dgs/education_culture/calls/index_en.html

Fullnægja ber öllum skilyrðum í heildartexta auglýsingarinnar og skila umsóknum á til þess gerðu eyðublaði.

**Kynningatilkynning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. 2011/EES/36/14
reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur
um flugrekstur í bandalaginu**

Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannajónustukvaðir

Aðildarríki	Frakkland
Flugleið	Strassborg – Kaupmannahöfn
Samningstími	2.1.2012 – 30.3.2013
Umsóknarfrestur og frestur til að skila tilboðum	Að því er varðar umsóknir og tilboð: 31.8.2011 (fyrir kl. 15 að staðartíma)
Póstfang sem senda má til beiðni um texta útboðsauglýsingarinnar og hvers kyns viðkomandi upplýsingar og/eða skjöl sem varða útboðið og almannajónustukvaðirnar	Ministère des affaires étrangères et européennes Direction générale de l'administration et de la modernisation Direction des affaires financières Bureau des interventions – DGA/DAF/1/INT 27 rue de la Convention CS 91533 75732 Paris Cedex 15 France Mme Laurence Tchoufayan Bureau des interventions – DGA/DAF/1/INT Sími: +33 0143176642 Netfang: laurence.tchoufayan@diplomatie.gouv.fr

**Kynningatilkynning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. mgr. 16. gr. 2011/EES/36/15
reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur
um flugrekstur í bandalaginu**

Almannajónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug

Aðildarríki	Frakkland
Flugleiðir	Ajaccio–Marseille Bastia–Marseille Calvi–Marseille Figari–Marseille Ajaccio–Nice Bastia–Nice Calvi–Nice Figari–Nice
Gildistökudagur almannajónustukvaða	22.6.2011
Póstfang sem senda má til beiðni um textann og hvers kyns viðkomandi upplýsingar og/eða skjöl sem varða almannajónustukvaðirnar	Tilkynning þings Korsíku nr. 11/061 AC frá 1. apríl 2011 um heimild til að hækka verð á flugmiðum milli Korsíku og Miðjarðarhafsstrandar Frakklands, birt í lögbirtingablaði héraðsstjórnar Korsíku. Nánari upplýsingar veitir: Office des transports de la Corse 19 avenue Georges Pompidou BP 501 20186 Ajaccio Cedex France Sími: +33 495237130 http://www.office-transport-corse.fr/Contacts_a20.html

**Yfirlit um bandalagsákvæðanir um markaðsleyfi fyrir lyfjum sem teknar voru frá 2011/EES/36/16
1. mars 2011 til 30. apríl 2011**

Birt hefur verið yfirlit um ákvæðanir um markaðsleyfi fyrir lyfjum sem teknar voru fyrir mars og apríl 2011, sjá [Stjórnartíðindi Evrópusambandsins C 184, 24.6.2011](#).

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd tilskipunar 2011/EES/36/17
Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB frá 18. júní 2009 um öryggi leikfanga**

(Birting á heitum og tilvísunarnúmerum samræmdra staðla samkvæmt tilskipuninni)

Evrópsk staðla-samtök ⁽¹⁾	Tilvísunarnúmer og heiti staðals (og tilvísunarskjal)	Hefur ekki birst áður í Stjtið. ESB	Tilvísunarnúmer staðalsins sem leystur er af hólmi	Síðasti dagur ætlaðs samræmis staðalsins sem leystur er af hólmi Athugasemd 1
CEN	EN 71-1:2011 Öryggi leikfanga – Hluti 1: Krafrænir og efnislegir eiginleikar	18.6.2011		

⁽¹⁾ CEN: Avenue Marnix 17, B-1000 Bruxelles/Brussel, BELGIUM, sími +32 25500811, bréfasími +32 25500819 (<http://www.cen.eu>)

CENELEC: Avenue Marnix 17, B-1000 Bruxelles/Brussel, BELGIUM, sími +32 25196871, bréfasími +32 25196919 (<http://www.cenelec.eu>)

ETSI: 650, route des Lucioles, F-06921 Sophia Antipolis, FRANCE, sími +33 492944200, bréfasími +33 493654716 (<http://www.etsi.eu>)

Athugasemd 1: Síðasti dagur ætlaðs samræmis er yfirleitt sami dagur og afturköllunardagurinn (date of withdrawal eða „dow“) sem evrópsku staðlasamtökin ákveða, en athygli notenda þessara staðla skal vakin á að sérstakar undantekningar geta verið frá þessu.

Athugasemd 2.1: Nýi (eða breytti) staðallinn hefur sama gildissvið og sá sem leystur er af hólmi. Tilgreindan dag hættir staðallinn, sem leystur er af hólmi, að gilda sem grundvöllur ætlaðs samræmis við grunnkröfur tilskipunarinnar.

Athugasemd 2.2: Nýi staðallinn hefur rýmra gildissvið en sá sem leystur er af hólmi. Tilgreindan dag hættir staðallinn, sem leystur er af hólmi, að gilda sem grundvöllur ætlaðs samræmis við grunnkröfur tilskipunarinnar.

Athugasemd 2.3: Nýi staðallinn hefur þrengra gildissvið en sá sem leystur er af hólmi. Tilgreindan dag hættir staðallinn, sem leystur er af hólmi (að hluta), að gilda sem grundvöllur ætlaðs samræmis við grunnkröfur tilskipunarinnar að því er varðar vörur sem falla undir gildissvið nýja staðalsins. Ætlað samræmi við grunnkröfur tilskipunarinnar gildir óbreytt að því er varðar vörur sem falla áfram undir gildissvið staðalsins sem leystur er af hólmi (að hluta) en ekki undir gildissvið nýja staðalsins.

Athugasemd 3: Þegar breytingar eru gerðar er vísað til staðalsins með númerinu EN CCCCC:YYYY ásamt eldri breytingum, ef einhverjar eru, og nýju breytingunni. Staðallinn, sem leystur er af hólmi (3. dálkur), er því EN CCCCC:YYYY ásamt áorðnum breytingum, ef einhverjar eru, en án nýju breytingarinnar. Tilgreindan dag hættir staðallinn, sem leystur er af hólmi, að gilda sem grundvöllur ætlaðs samræmis við grunnkröfur tilskipunarinnar.

Athugið:

- Upplýsingar um hvernig nálgast má staðlana fást hjá evrópsku staðlasamtökunum eða staðlastofnunum einstakra ríkja sem taldar eru upp í viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB ⁽¹⁾, með áorðnum breytingum skv. tilskipun 98/48/EB ⁽²⁾.
- Evrópsk staðlasamtök gefa samhæfða staðla út á ensku (Staðlasamtök Evrópu, CEN, og Rafstaðlasamtök Evrópu, CENELEC, gefa staðla sína einnig út á frönsku og þýsku). Heiti samhæfðra staðla eru síðan þýdd á öll önnur tilskilin opinber tungumál Evrópska efnahagssvæðisins og fer þýðingin fram á vegum staðlastofnunar hvers lands. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins ábyrgist ekki að staðlaheiti, sem borist hafa til birtingar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, séu rétt.
- Þótt tilvísunarnúmer staðla séu birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* merkir það ekki að þeir séu til á öllum tungumálum Evrópska efnahagssvæðisins.
- Þessi skrá kemur í stað annarra slíkra sem birst hafa í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*. Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna hefur uppfærslu hennar með höndum.
- Nánari upplýsingar um samræmda staðla er að finna á eftirfarandi vefslóð:
http://ec.europa.eu/enterprise/policies/european-standards/harmonised-standards/index_en.htm

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 217, 5.8.1998, bls. 18.